

## Stuðlar, hefðarreglur, hljóðkerfi

### 1. Inngangur

Í 35. árgangi *Íslensks máls* er býsna ítarleg frásögn af doktorsvörn Hauks Þorgeirssonar, en hann varði doktorsritgerð sína (Haukur Þorgeirsson 2013a) hinn 26. nóvember 2013. Inngangsorð Hauks við doktorsvörnina (2013b) eru birt, svo og athugasemdir andmælendanna Gunnars Ólafs Hanssonar (2013) og Michaels Schulte (2013), ásamt andsvörum Hauks. Þetta er fróðleg umræða sem vekur áhuga lesandans á að kynna sér doktorsritið sjálft. Það er mikið rit (alls 409 bls.) sem fjallar um fjölbreytt efni.

Samspil bragfræði, hljóðfræði og hljóðkerfisfræði er ákaflega forvitnilegt en um leið flókið viðfangsefni. Áherslur fræðimanna sem fást við það eru líka mismunandi því þeir eru ýmist að nýta sér bragfræðileg fyrirbæri til þess að varpa ljósi á framburð og hljóðkerfi viðkomandi máls á ýmsum tímum, eða þá á hljóðkerfisfræðileg fyrirbæri almennt, ellegar að nota hugmyndir um hljóðkerfi málsins til þess að gera grein fyrir bragfræðilegum lögmálum og skýra þau. Af heitinu á doktorsriti Hauks má ráða að það falli fremur í síðari flokkinn, þ.e. að áhugi hans beinist einkum að því að leysa „úrlausnarefni í íslenskri bragsögu“, eins og segir í titli ritsins, frekar en að nýta sér stuðlasetningu, rím og önnur bragfræðileg fyrirbæri til þess að leysa gátur í íslenskri og almennri hljóðkerfisfræði. Lesandanum finnst líka stundum að hjarta Hauks slái fyrst og fremst bragfræðimegin, ef svo má segja. Af því leiðir að hljóðkerfisfræðingar myndu oft vilja að hann ræddi ítarlegar um ýmis þau hljóðkerfislegu viðfangsefni sem hann veltir upp. Um leið veldur þessi nálgun því að lesanda finnst Haukur stundum gefast of fljótt upp í leit að hljóðfræðilegum eða hljóðkerfislegum lausnum og grípa í staðinn til frekar ósannfærandi lausna, einkum áhrifa hefðarreglna og stafsetningar sem báðir andmælendur gerðu athugasemdir við.<sup>1</sup>

<sup>1</sup> Svo allrar sanngirni sé gætt er þó rétt að benda á að í inngangi (2013a:15 o.áfr.) gefur Haukur fróðlegt yfirlit yfir hugsanlegar leiðir til að skýra hvers vegna tiltekin hljóð séu „meðhöndluð sem jafngild í kveðskap“ (sjá samantekt bls. 33), en sú spurning er einmitt meginviðfangsefni eftirfarandi athugasemda.

Í þessari umræðugrein<sup>2</sup> langar mig að taka dæmi um nokkrar hljóðkerfislegar spurningar sem vakna við lestur á doktorsriti Hauks og vert væri að ræða frekar en hann gerir. Spurningarnar vakna t.d við þessi ummæli (2013a:67), sem Gunnar Ólafur Hansson tilfærir reyndar líka í andmælum sínum (2013:200):

Þegar k<sup>h</sup> og c<sup>h</sup> klofna smám saman í tvö fónem er ekki óvænt að þau haldist í einum jafngildisflokki enda alast verðandi skáld upp við að heyra þau stuðla saman og standa saman í hendingum.<sup>3</sup>

Þessi klausa vekur a.m.k. þrjár spurningar:

- (1) a. Er óhjákvæmilegt að líta svo á að [k<sup>h</sup>] og [c<sup>h</sup>] (og þá líka [k] og [c]) tilheyri mismunandi fónemum?<sup>4</sup>
- b. Er hægt að lýsa því með reglum hvar framgómælt lokhljóð koma fyrir í íslensku nútímamáli og hvers konar reglur eru það þá?
- c. Skipa málnotendur máhljóðum í jafngildisflokka vegna þess að þeir „heyra þau stuðla saman“ eða heyra málnotendur hljóð stuðla saman af því að þau tilheyra sama jafngildisflokki?

Þetta eru auðvitað allt saman mikilvægar spurningar varðandi samspil hljóðkerfis og bragreglna og ekki tók á að ræða þær til hlítar hér. Í raun er það síðasta spurningin sem er kveikjan að eftirfarandi athugasemdum, en til þess að geta rætt hana þarf að fjalla aðeins um um hinar tvær. Kafli 2 fjallar því stuttlega um spurningu (1a), kafli 3 um spurningu (1b) og í kafla 4 er síðan komið að spurningu (1c). Í 5. kafla reyni ég svo að draga aðalatriðin saman.

<sup>2</sup> Ég þakka ritstjóra og yfirlesurum gagnlegar ábendingar og athugasemdir við fyrri gerð þessarar greinar. Sumar þeirra leiddu til verulegra lagfæringa á greininni en í öðrum tilvikum sá ég mér ekki fært að fara út í eins nákvæmar og ítarlegar umræður um eðli bragreglna og stungið var upp á. Til þess þyrfti lengri grein en þessa flugu eða athugasemd. En kannski getur flugan stuðlað að frekari umræðum um þessi efni hér í ritinu.

<sup>3</sup> Með *jafngildisflokki* er hér átt við þann hóp hljóða sem geta stuðlað saman. Þetta hugtak er líka rætt ítarlega í doktorsritgerð Ragnars Inga Aðalsteinssonar (2010) og ýmsum ritum sem þar er vísað til.

<sup>4</sup> Íslenska orðið *hljóðan* er gjarna notað um það sem heitir *phoneme* á ensku, t.d. í handbók Kristjáns Árnasonar (2005), og þá *hljóðbrigði* um það sem heitir *allophone*. Haukur notar hins vegar oft orðið *fónem* eins og í þessu dæmi (samt stundum *hljóðan*) svo ég mun hér reyna að halda mig við orðið *fónem* til þess að flækja málið ekki að óþörfu.

## 2. Fónem eða ekki fónem

Í upphafi 3. kafla doktorsritsins vísar Haukur (2013a:57) til þess að ég hafi á sínum tíma (Höskuldur Þráinsson 1981:118) bent á samstuðlun upp- gómmæltra og framgómmæltra lokhljóða í dæmum eins og þessum (hljóðstafir, þ.e. stuðlar og höfuðstafir, auðkenndir með feitu lettri í staf- setningunni og með hljóðritunartáknum á eftir hverri línu):<sup>5</sup>

(2)		Hljóðstafir:
a.	smiður kóngur, kennarinn,	[k <sup>h</sup> ] [c <sup>h</sup> ]
	kerra, plógur hestur (Stephan G. Stephansson)	[c <sup>h</sup> ]
b.	Gaman er að gifta sig	[k] [c]
	gefi saman prestur (Þura í Garði)	[c]

Hér er greinilega leyfilegt að stuðla saman hljóð sem ekki eru nákvæmlega eins frá hljóðfræðilegu sjónarmiði (þ.e. ekki eins í framburði). Spurningin er þá hvernig það megi vera og þetta er einmitt gott dæmi um forvitnilegt samspil hljóðkerfis og bragkerfis. Hljóðkerfisfræðingar vilja auðvitað átta sig á því hvernig hljóðkerfi tungumála eru upp byggð og hin fræðilega glíma snýst m.a. um að komast að einhverri niðurstöðu um þetta og færa rök fyrir henni. Dæmi á borð við þau sem sýnd eru í (2) sýna ljóslega að máhljóð sem virðast í fljótu bragði ekki vera „sama hljóðið“ og hafa mis- munandi myndunarstað geta stuðlað saman. Samt er það svo að samhljóð sem hafa ólíkan myndunarstað stuðla yfirleitt ekki saman. Hvað er það þá sem veldur því að [k<sup>h</sup>] og [c<sup>h</sup>] geta stuðlað saman (myndað jafngildisflokk) en [p<sup>h</sup>] og [t<sup>h</sup>] ekki til dæmis? Eru [k<sup>h</sup>] og [c<sup>h</sup>] þrátt fyrir allt „sama hljóðið“ í einhverjum skilningi og hvaða skilningi þá?

Eðlilegast virðist að skiljan ofangreinda tilvitnun í doktorsrit Hauks (2013a:67) þannig að hann geri ráð fyrir að [k<sup>h</sup>] og [c<sup>h</sup>] séu fulltrúar mis- munandi fónema.<sup>6</sup> Ég hef nú ekki fundið nákvæman rökstuðning fyrir þessari niðurstöðu í riti hans en ástæðan gæti verið sú að hann miðaði við þá staðreynd að auðvelt virðist að finna lágmarkspör sem benda til þess að

<sup>5</sup> Hér eru notuð þau hljóðritunartákn sem Haukur notar í doktorsritgerð sinni í sam- ræmi við það sem nú tíðkast yfirleitt í skrifum um íslenska hljóðfræði en ég notaði önnur tákn í minni grein í samræmi við eldri hefð.

<sup>6</sup> Yfirlesari bendir reyndar á að þessi tilgreindu ummæli Hauks megi skilja þannig að þegar eða ef [k<sup>h</sup>] og [c<sup>h</sup>] klofni í tvö fónem sé ekki óvænt að þau haldist í sama jafngildis- flokki, þ.e. að hann sé ekki endilega að fullyrða að þetta hafi gerst. Það skiptir í sjálfu sér ekki meginmáli varðandi þá almennu spurningu um samspil hljóðkerfis og bragreglna sem hér er til umræðu.



[k<sup>h</sup>] og [c<sup>h</sup>] séu fulltrúar ólíkra fónema — og sama á þá við um [k] og [c]. Hér er t.d. um að ræða dæmi eins og þessi:

- (3) kör [k<sup>h</sup>œ:r] — kjör [c<sup>h</sup>œ:r]  
 görn [kœrtŋ] — gjörn [cœrtŋ]

Ef hljóðritunin í (3) er rétt eru þetta greinilega lágmarkspör. Miðað við algenga aðferðafræði í anda formgerðarstefnunnar bendir þetta þá til þess að [k<sup>h</sup>] og [c<sup>h</sup>] (og þá líka [k] og [c]) séu ekki afbrigði sama fónems. Ef gengið er út frá þessum forsendum virðast góð hljóðkerfisráð dýr ef á að skýra samstuðlun [k<sup>h</sup>] og [c<sup>h</sup>] (og [k] og [c]). Þess vegna bregður Haukur á það ráð að skýra þessa stuðlun með því sem hann kallar „samfellandi hefðarreglu“ og segir m.a. (2013a:5) að hún styðjist „við stafsetningu og málsögu“ og sé „auðlærð og fremur til þæginda fyrir skáldin því að hún gerir það auðveldara að finna orð sem stuðla, hvort heldur við [k<sup>h</sup>] eða [c<sup>h</sup>]. Ég þekki heldur engin dæmi þess að skáld kjósi að halda [k<sup>h</sup>] og [c<sup>h</sup>] aðgreindum í stuðlun.“

Þetta finnst mér vond niðurstaða því hún felur í sér að stuðlasetningin sé að einhverju leyti óháð bæði framburði og hljóðkerfi þess sem setur kveðskapinn saman og hann geti í raun og veru á einhvern hátt „kosið“ að halda [k<sup>h</sup>] og [c<sup>h</sup>] aðdreindum í stuðlun eða gera það ekki. Þetta getur áreiðanlega átt við þegar í hlut eiga vísnasmiðir sem hafa reynt á meðvitaðan hátt að tileinka sér gamlar reglur um stuðlasetningu og hafa ekki tilfinningu fyrir henni.<sup>7</sup> En fyrir þá sem stuðla samkvæmt brageyra sínu getur þetta ekki verið rétt og við verðum að treysta því að meirihluti þeirra sem hafa sett saman vísur og kvæði með hefðbundnum hætti í aldanna rás hafi haft slíkt brageyra og stuðlunin fylgi því. Annars er lítið mark takandi á stuðlun sem málsögulegri heimild og það er nokkuð alvarlegt mál. Ég kem nánar að þessu hér á eftir.

En er þessi röksemdafærsla um [k<sup>h</sup>] og [c<sup>h</sup>] sem birtingarmyndir ólíkra fónema alveg örugg? Getur ekki verið að orð eins og *kjör* og *gjörn* til dæmis innihaldi fónemið /j/ og orðin *kör* og *kjör* beri því að greina eins og sýnt er innan skástrikanna í (4)?<sup>8</sup>

<sup>7</sup> Haukur (2013a:30) vísar t.d. í forna kínverska kveðskaparhefð sem er greinilega ekki lifandi í sama skilningi og stuðlasetning og rím í hefðbundnum íslenskum kveðskap og menn þurfa þess vegna að læra af bókum eða í formlegu námi af einhverju tagi.

<sup>8</sup> Sams konar pör má auðvitað líka finna með uppmæltum sérhljóðum, sbr. *kaga* — *kjaga*, *góla* — *gjóla*, *kúka* — *kjúka* o.s.frv. Dæmin með /ö/ eru hins vegar oft tekin af sögulegum ástæðum, vegna þess að áður en áður en hljóðin /t/ og /θ/ féllu saman í það hljóð sem oftast er táknad með /ö/ og hljóðritað [œ] var ekki sama sérhljóð í orðunum *kör* (upp

(4) kör /kör/ – kjör /kjör/

Eiríkur Rögnvaldsson (1993:56, 2013:98) og Guðvarður Már Gunnlaugsson (1993) hafa sett fram hugmyndir af þessu tagi (Guðvarður gengur reyndar lengra og gerir ráð fyrir að það sé líka /j/ sem veldur framgómun á undan /ei, ei/ í erfðarorðum eins og vikið verður að hér á eftir).<sup>9</sup> Haukur (2013a:65) nefnir reyndar hugmyndir Guðvarðar en ræðir þær ekki í smáatriðum. Jón Axel Harðarson (2007:80n) segir aftur á móti að í fornu máli hafi orð eins og *kjarr* og *vekja* haft hljóðasamböndin [c+j] en í nýmáli sé „j-ið á eftir hinu framgómælda lokhljóði hins vegar horfið ... og því er fyrra atkvæðið í *vekja* opið og sérhljóð þess langt“. Það er áreiðanlega alveg rétt að fyrra atkvæðið í orðum af þessu tagi er langt og opið, en það segir hins vegar ekkert um það hvort þetta /j/ (hvort sem það er nú önghljóð eða hálf sérhljóð) sé horfið eða ekki því að áhersluatkvæði á undan hljóðasamböndunum /p,t/ + /j/ eru líka löng (sbr. *neþja*, *letja*) og þar er /j/ greinilega ekki horfið.

Gunnar Ólafur Hansson ræðir greiningu af þessu tagi líka í andmælum sínum (2013:200–201) og bendir á að í raun sé „nánast ómögulegt að greina til hlítar á milli þess hvort í hljóðkerfislegu tilliti er á ferðinni klasi samhljóðs og hálf sérhljóðs, /kj/, eða þess í stað eitt stakt samhljóð sem ber aukahljóðmyndun, /kʰ/“. Þess vegna er ekki víst að hljóðritunin í (3) sé alveg rétt og bilið milli framburðar og fónemgreiningar í stíl við (4) getur því verið minna en samanburður við hljóðritunina í (3) bendir til.<sup>10</sup> Frá hljóðfræðilegu sjónarmiði er því ekkert því til fyrirstöðu að gera ráð fyrir því að sum dæmi um [c<sup>h</sup>] séu fulltrúar fónemanna /kj/ en önnur standi fyrir /k/ á undan frammæltum sérhljóðum eins og /i,i/ til dæmis.

haflegt /t/) og *kjör* (upphaflegt /ø/). Hin meinta lágmarksandstaða [k<sup>h</sup>] og [c<sup>h</sup>] varð fyrst til við samfall sérhljóðanna.

<sup>9</sup> Í þessu sambandi bendir Guðvarður á (1993:41) að „töluvert er um það í handritum allt frá 14. öld að skrifað sé ‘iæ’ og jafnvel ‘ie’ á eftir *k* og *g*. Ritvenja þessi eykst á 15. og 16. öld, sérstaklega á undan *e* (sjá Stefán Karlsson 1989:38, 42)“. Það er því svoltið villandi þegar Haukur segir (2013a:68): „Í íslenskri stafsetningu hafa orð sem hefjast á [k<sup>h</sup>] og [c] jafnan haft sama upphafstákn og sama er að segja um orð sem hefjast á [k] og [c]“. Samkvæmt Stefáni Karlssyni hafa ritara þó stundum greint á milli þessara hljóða í stafsetningu þótt „upphafstáknið“ hafi verið hið sama. Svo má líka nefna að enn er hægt að finna dæmi (t.d. á Netinu) um að *j* sé skotið inn í á eftir *k* eða *g* á undan *e* í stafsetningu en ekki á undan *i* eða *i* svo ég hafi tekið eftir.

<sup>10</sup> Gunnar Ólafur telur reyndar að hljóðritun á borð við [kʰ] væri réttari en [c] og í því sambandi má nefna að Björn Guðfinnsson notaði hljóðritunina [k<sub>j</sub>] í hljóðlýsingu sinni (t.d. 1946:37 o.áfr.).

Spurningin er hins vegar hvort það hljóðkerfisfræðilíkan sem miðað er við leyfi þess háttar greiningu, þ.e. hvort hún er ekki of óhlutstæð (abstrakt) til þess að unnt sé að sætta sig við hana. Haukur virðist reyndar almennt vera þeirrar skoðunar að hvorki sé gagn að óhlutstæðri hljóðkerfisfræði né heldur hefðbundinni hljóðkerfisfræði í anda formgerðarstefnunnar til að skýra bragfræðileg fyrirbæri í íslensku. Þetta kemur t.d. skýrt fram í ensku samantektinni í ritgerðinni, en þar stendur m.a. þetta (2013a:355):<sup>11</sup>

A significant methodological result is that abstract analysis in terms of underlying segments is not necessary to explain any phenomenon in Icelandic poetry. Structuralist theories of a special relationship between phonemes whose opposition is neutralized in some positions also fail to find support. More promising are explanations in terms of poetic traditions and surface-true similarity.

Hér er Haukur í raun og veru að segja m.a. að annaðhvort hljóti þau hljóð sem stuðla saman að vera (nokkurn veginn) eins „á yfirborðinu“ (þ.e. í framburði) eða þá að það megi stuðla þau saman samkvæmt gamalli hefð þótt þau séu (orðin) ólík í framburði. Eins og áður segir hlýtur þessi afstaða að kalla á býsna almennt endurmat á heimildagildi kveðskapar að því er hljóðbreytingar varðar. Þess vegna er ástæða til að velta þessu nánar fyrir sér.

Í þessu sambandi er vert að rifja upp ýmsar staðreyndir um framgömun í íslensku. Hvers eðlis er hún og hvaða máli skiptir eðli hennar varðandi skýringar á samstuðlun framgómmltra og uppgómmltra lokhljóða? Allt frá því að Kristján Árnason (1978) vakti athygli á ýmsum flækjum sem varða framgömun í íslensku nútímamáli hafa íslenskir og erlendir fræðimenn öðru hvoru glímt við þessa spurningu og það er óþarft að rekja alla þá umræðu hér. Haukur bendir á sumar flækjurnar þegar hann skoðar ólíkar leiðir til að skýra samstuðlun framgómmltra og uppgómmltra lokhljóða (2013a:57 o.áfr.), en í þeirri umræðu beinist athyglin kannski um of að þáttum sem líklega skipta engu máli í þessu sambandi. Skoðum það aðeins í næsta kafla.

<sup>11</sup> Ég þakka yfirlesara fyrir að benda mér á þessa gagnorðu samantekt Hauks á meginniðurstöðu ritgerðarinnar.



### 3. Hvers konar framgómun?

#### 3.1 Misvirk ferli

Eins og Michael Schulte bendir á í andmælum sínum (2013:214–215) eyðir Haukur talsverðu púðri í að hrekja hugmyndir Gussmanns (1984) um framgómun sem hljóðkerfislega virka reglu í íslensku. Þetta tekst býsna vel, enda vildi Gussmann í raun leggja öll dæmi um framgómun í íslensku að jöfnu. Hins vegar benda rannsóknir til þess að framgómun á undan /i, i/ (þ.e. [i, i]) lúti ekki sömu lögmálum og framgómun á undan /e, ei/ (þ.e. [ɛ, ei]) og síðan er framgómun á undan /æ/ (þ.e. [ai]) alveg sér á parti. Haukur fjallar nokkuð um þetta (2013a:62 o.áfr.) og sumt af þessu hefur líka verið rannsakað skipulega, t.d. af Ingibjörgu Frímannsdóttur (2001). Í því sambandi bendir hún líka á (2001:25–26) að framgómun sé almennt algengari í tungumálum á undan frammæltum sérhljóðum því nálægari sem þau eru og vísar m.a. í Kenstowicz og Kisseberth (1979:19, 255) í því sambandi. Samkvæmt því væri í raun eðlilegt að dregið hefði úr framgómun á undan /e/ þegar það varð fjarlægara á sínum tíma (sbr. áður nefndar hugmyndir Guðvarðar Más Gunnlaugssonar 1993).

Guðvarður (1993) og Kristján Árnason (2005:251–252) ræða muninn á framgómun á undan /i, i/ annars vegar og /e, ei/ (og /æ/) nokkuð ítarlega. Hér er ekki rúm til að tína til allt sem styður það að gerður sé greinarmunur á þessum ferlum, en aðalatriðin eru þessi (sum dæmin tekin úr grein Guðvarðar (1993), önnur úr ritgerð Ingibjargar Frímannsdóttur (2001) eða handbók Kristjáns (2005:251)):<sup>12</sup>

- (1) a. Framgómun á undan /i,i/ virðist undantekningarlaus í öllum gerðum orða, svo sem rótum erfðarorða (*kill, gill, kista, gista*), á undan innlendum viðskeytum (*vinkill, diskill*), í skammstöfunum (*KÍM*), í tökuorðum (*kíper, gítar, kikk, gilli*), í erlendum nöfnum sem eru notuð í íslensku (*Gínea, Kissinger*) o.s.frv.
- b. Framgómun á undan /e, ei/ er undantekningarlaus í rótum erfðarorða (*ker, ger, keimur, geimur*) en talsvert er um undantekningar frá henni í annars konar orðum, t.d. á undan viðskeytum eða sýndar-

<sup>12</sup> Í töflu VII í ritgerð Ingibjargar Frímannsdóttur (2001:107–108) er gefið yfirlit yfir niðurstöður úr könnun þar sem skoðað var hvort málnotendur bæru fram framgómælt eða uppgómælt lokhljóð á undan /e, ei/ í völdum orðum, m.a. tökuorðum eins og *agent, bakkelsi, orgel, parkett* og erlendum landfræðiheimum eins og *Genf, Genúa, Kenía, Kensington* o.fl. Verulegur breytileiki kom fram í framburði þessara orða.

viðskeytum (*leikendur, disketta*), í skammstöfunum (*KEA*), í tökuorðum (*vonlaust keis, ókei*) og í erlendum nöfnum sem eru notuð í íslensku (*Kenía, Genúa, Cayman*).<sup>13</sup>

- c. Á undan /æ/ í rótum erfðarorða eru gómlokhljóðin jafnan framgómmeðt (*kæra, gæra*) en hins vegar verður ekki framgómun þar sem [ai] (eða [aj]) verður til í tvíhljóðaframburði (*kagi, gagi, skagi*). Framgómun verður ekki heldur á undan /æ/ í tökuorðum (*kæi, gæi, gæd*).

Eins og sjá má af þessu koma framgómmeðt lokhljóð aðeins fyrir á undan /æ/ í rótum erfðarorða. Vegna þessa hafa margir hljóðkerfisfræðingar litið svo á að framgómun á undan /æ/ geti ekki verið virkt ferli í íslensku nútímamáli, enda ekki við því að búast þar sem fyrri hluti tvíhljóðsins er alls ekki frammeðt hljóð. Þar liggur beint við að líta svo á að þessi orð hafi verið endurtúlkun þannig að þau inni haldi /j/ á eftir gómhljóðinu, líkt og orðin *kjör, gjörn, kjammi, gjamma* o.s.frv., þótt þetta /j/ sé ekki sýnt í stafsetningunni á undan /æ/.

Málið liggur ekki eins ljóst fyrir varðandi /e, ei/. Þar eru til býsna gamlar „undantekningar“ frá framgómun, svo sem í orðinu *orgel*, sem flestir bera fram með uppgómmeðtu lokhljóði þótt framburður með framgómmeðtu lokhljóði hafi lengi verið til (sjá t.d. Björn Guðfinnsson 1946: 121, 129 o.v.). Ýmiss konar tilbrigði eru líka til í framburði tökuorða og erlendra landfræðiheita með /e, ei/, eins og áður er nefnt. Bent hefur verið á að því lengur sem slík orð hafa verið í málinu, því líklegra sé að þau fái framgómmeðt lokhljóð. Þegar ég var að alast upp var *geim* í bridds alltaf borið fram með uppgómmeðtu [k], en ég myndi frekar segja orðið *geim* í merkingunni ‘gleðskapur’ með framgómmeðtu [c] (sbr. hina þekktu línu í söngtexta Valgeirs Guðjónssonar „Þetta er búið að vera eitt brjálæðislegt *geim*“) þótt ýmsir kunni að hafa uppgómmeðt lokhljóð í því orði (sbr. handbók Kristjáns 2005:251 og 252). Orð eins og *parkett* og *verkefni* heyrast líka oft borin fram með framgómmeðtu lokhljóði nú á síðari árum. Hér má líka nefna *Keikó* heitinn, en nafn hans mun stundum hafa verið borið fram með uppgómmeðtu lokhljóði í framstöðu þegar hann kom fyrst til landsins, en þegar nafnið var búið að vera nógu lengi í fréttum og hvalurinn orðinn óskabarn þjóðarinnar varð lokhljóðið frekar framgóm-

<sup>13</sup> Þetta getur þó verið með ýmsu móti, sbr. t.d. að líklega er almennt framgómmeðt hljóð í *raketta* (ólíkt *disketta*), sumir Norðlendingar hafa (höfðu) framgómmeðt lokhljóð í *KEA* og tökuorðin *gettó, gel* og *geim* bera sumir fram með framgómmeðtu lokhljóði en aðrir með uppgómmeðtu. Nánar um þetta síðar.



mælt (sjá Kristján Árnason 2005:251). Í könnun Ingibjargar Frímansdóttur kom líka fram (2001:118) að framgómun í þessu orði var algengari því yngri sem þátttakendur voru. Það gæti merkt að ungir þátttakendur hafi ekki túlkað nafnið sem erlent heiti.

Af dæmum á borð við þau sem nú voru rakin dregur Kristján þá ályktun (2005:252) að framgómun á undan /í, i/ sé virkt hljóðferli í nútíma-máli (eða „truly phonological palatalization“ eins og hann hefur nefnt það annars staðar (2011:102)) en „tilhneigingin sem vart verður við til framgómunar í orðum eins og *Keikó* eigi rætur að rekja til þess að orðin séu að laga sig að þeirri almennu „hljóðskipunarreglu“, að á undan *e* og *ei* standa framgómælt hljóð frekar en uppgómælt“.<sup>14</sup> Samkvæmt hugmyndum Guðvarðar Más Gunnlaugssonar (1993) gæti þessi hljóðskipunaraðlögun þá falist í því að /j/ væri skotið inn, í máli sumra eða með tíð og tíma, á eftir gómælt lokhljóðinu í orðum eins og *parkett*, *orgel*, *KEA*, *gettó*, *geim*, *Keikó* o.s.frv. og það veldur þá framgómun á lokhljóðinu. Á undan /í,i/ verður hins vegar jafnan hljóðfræðilega skilyrt framgómun.<sup>15</sup>

En skiptir þessi mismunandi virkni framgómunar einhverju máli varðandi stuðlasetninguna? Ég held ekki. Ef þær hugmyndir eru réttar sem lýst er hér frammar (og hafðar eftir Eiríki, Guðvarði, Kristjáni og Gunnari Ólafi í mismiklum mæli) eru [c<sup>h</sup>] og [c] alltaf leidd af uppgómæltum hljóðum, annaðhvort vegna þess að á eftir /k/ fer frammælt (nálægt) sérhljóð eða fónemið /j/. Þá eru hljóðin [c<sup>h</sup>, c] „alltaf komin til með framgómun“ (sbr. Eirík Rögnvaldsson 1993:56, 2013:98) og það kann að vera það eina sem skiptir máli.<sup>16</sup>

<sup>14</sup> Eða eins og Kristján orðar það á öðrum stað á ensku (2011:102) „statistical extension of the frequency of the phonotactic (or morphophonemic) regularity“.

<sup>15</sup> Kannski skiptir ekki meginmáli hvort titið er svo á að framgómun á undan /e/ verði vegna þess að skotið er inn /j/, eins og Guðvarður telur, eða vegna þess að /e/ er frammælt og getur því valdið framgómun þótt það sé ekki eins sterkur framgómunarvaldur og /í, i/ af því að það er fjarlægara. En framgómælt lokhljóð á undan /æ/ hljóta að stafa af því að þar hafi /j/ verið skotið inn á milli eftir að /æ/ varð tvíhljóð með uppmæltum fyrri hluta þótt ekki sé venja að sýna það í stafsetningunni eins og gert er í dæmum eins og *kjör*, *gjörn*, *kjammi*, *gjamma* o.s.frv.

<sup>16</sup> Hér bendir ritrýnir réttilega á að hér hafi ég ýmsa fyrirvara á niðurstöðunni, segi „kann að vera“ og komi ekki með neinar sannanir. Það er auðvitað alveg rétt, enda reyndar aldrei hægt að sanna eitt eða neitt í málfræði. Ég er aðeins að halda því fram að þau rök sem Haukur setur fram gegn hljóðkerfislegri skýringu á samstuðlun uppgómæltra og framgómæltra lokhljóða (svo sem þau að framgómunin sé ekki undantekningarlaus og verki ekki yfir orðaskil) séu ekki eins þungvæg og hann telur þau vera. Meira um þetta í næstu köflum.

Segir þetta þá alla söguna um framgómun í íslensku og hvernig rímar þetta við hugmyndir um skipulag hljóðkerfisins? Skoðum það nánar.

### 3.2 Hljóðfræðileg framgómun

Til að skoða hvort framgómun verði yfir orðaskil í samfelldu tali ber Haukur saman eftirfarandi dæmi (2013a:63–64):

- (6) a. Hann fór upp á þak í gær.
- b. Þarna tók ég í taumana.
- c. Ég tek inn lýsistöflur.
- d. Ég fór upp á þak eftir hádegi.
- e. Ég tók eina lýsistöflu í gær.

Haukur telur að í „eðlilegum framburði“ verði framgómun á /k/ í (6a,b) en ekki í hinum dæmunum. Ég á nú erfitt með að gera mér grein fyrir þessum mun, einkum á (6a) og (6c). Verði einhver framgómun í einhverjum af þessum dæmum er útkoman örugglega ekki eins framgómælt hljóð og það sem venjulega er táknað með [c] eða [c<sup>h</sup>] í íslenskri hljóðritun.<sup>17</sup> Í því sambandi er rétt að minna á forvitnilega grein eftir Eirík Rögnvaldsson (1983). Þar ræðir hann um afbrigði af svonefndum *bð-/gð-*framburði sem er fólgið í því að /ð/ fellur brott. Orðmynd eins og *sagði* er þá ekki borin fram [sakði], eins og venjulegt er í þessum framburði, heldur án /ð/. Þá lenda /g/ og /i/ hlið við hlið en samt verður ekki venjuleg framgómun. Gómhljóðið er þó „ekki ... myndað eins ofarlega og t.d. lokhljóðið í *sagga*“ en ekki heldur eins framarlega og lokhljóðið í *saggi*. Þetta má sýna með hljóðritun á þessa leið að mati Eiríks (1983:173, hljóðritun hans lítilega breytt hér til samræmis við yngri venjur):

- (7) *saggi* (no.): [sac:ɪ]
- sagga* (no., aukaf.): [sak:a]
- sagði* með ð-brottfalli: [sak':ɪ]

Að svo miklu leyti sem einhver framgómun verður í samfelldu tali í dæmum á borð við þau sem eru sýnd í (6) er hún áreiðanlega líkust því sem Eiríkur kallar „hljóðfræðilega reglu“. Við myndun gómhljóðsins verður tungan eitthvað misframarlega í munninum eftir því hvaða sérhljóð er fremst í orðinu á eftir. Lesendur geta prófað þetta á sjálfum sér — og þá jafnvel bætt einu dæmi við til samanburðar:

<sup>17</sup> Glöggur ritrýnir telur líka „af og frá að það sé (veruleg) framgómun í (6a,b)“.

(8) Ég tók aftur lýsistöflu í gær.

Þetta mætti líka skoða með tækjabúnaði sem skráir tungustöðu, ef menn hefðu aðgang að slíkum tækjum. Þarna er þá á ferðinni sjálfvirk, hljóðfræðileg aðlögun sem er greinilega annars eðlis en hin „hefðbundna framgómunarregla“ í íslensku. Af orðum Hauks (2013a:64) má reyndar skilja að hann líti svo á að þessi framgómun yfir orðaskil sé hliðstæð við það sem Eiríkur kallar hljóðfræðilega reglu. Þess vegna er samanburður hans (s.st.) á framgómun á undan [i] og [ai] dálítið villandi, en hann er á þessa leið (uppsetningu lítilega breytt hér):

(9)	framgómun á undan [i]	framgómun á undan [ai]
a. Hljóðfræðilega eðlileg?	já	nei
b. Án undantekninga?	já	nei
c. Á við tökuorð?	já	nei
d. Án beygingarlegrar skilgreiningar?	já	nei
e. Áhrif á framburð erlendra mála?	já	nei
f. Getur virkað yfir orðaskil?	já	nei
g. Talhraði getur skipt máli?	já	nei
h. Getur orsakað millistig milli [k] og [c]?	já	nei

Þessi uppsetning sýnir ágætlega að meint framgómun á undan [ai] (eða /æ/) er augljóslega annars eðlis en framgómun á undan [i], eins og þegar hefur verið rakið. Hins vegar sé ég ekki betur en liðir f–h í fremri dálkinum eigi við það sem Eiríkur kallar hljóðfræðilega reglu en liðir a–e í þeim dálki við það sem hann kallar hljóðkerfisreglu. Hefðbundin framgómun á undan [i] (eða /i/), sem Eiríkur kallar hljóðkerfisreglu, virðist ekki virka yfir orðaskil, hún er ekki háð talhraða og hún orsakar ekki millistig á milli [k] og [c]. Hljóðfræðilega aðlögunin hefur aftur á móti öll þessi einkenni (þ.e. einkenni f–h).

Nú finnst kannski einhverjum að þessi munur á hljóðkerfislegri framgómun og hljóðfræðilegri framgómun (eða aðlögun) sé ekki mjög skýr. Hljóðfræðilega aðlögun svipaða því sem nú var lýst fyrir íslensku má þó finna í mörgum tungumálum og þá er hún í sumum tilvikum mjög skýrt aðgreind frá annars konar framgómun. Þannig er það t.d. í færeysku. Þar veldur hefðbundin framgómun því að í stað uppgómmæltra lokhljóða koma tannbergs-framgómmælt hálflokhljóð (e. *alveopalatal affricates*).<sup>18</sup>

<sup>18</sup> Hálflokhljóð hafa stundum verið nefnd *tvæhljóð* og *twinnhljóð* í íslensku.



Nokkur dæmi eru sýnd í (10) og þar eru þeir bókstafir feitlettraðir sem tákna hljóðin er skipta máli (sjá t.d. Höskuld Þráinsson o.fl. 2012:42, 46; sbr. líka Kristján Árnason 2011:114, 116–117; Adams og Petersen 2014:656–659). Í a-dæmunum er hefðbundin framgómun, í b- og c-dæmunum ekki. Orðin í c-liðnum eru tökuorð eða erlend orð:

- (10)a. **kyn** [tʰi:n], **kirkja** [tʰi:ɹtʃa], **keypa** [tʰei:pa] ‘kaupa’, **gil** [tʃi:l], **gifta** [tʃifta], **geva** [tʃe:va], **genta** [tʃɛnta]  
 b. **kavi** [kʰɛa:vi] ‘snjór’, **kasta** [kʰasta], **kúla** [kʰu:la], **kíli** [kʰoi:li] ‘kíll, fleygur’, **gaman** [kɛa:man], **garmur** [kaɹmuɹ] ‘hundur’, **gás** [kɔa:s] ‘gæs’, **gor** [ko:ɹ]  
 c. **gir** [ki:ɹ] ‘gír’, **gittari** [kihtaɹ] ‘gítar’, **Kina** [kʰi:na], **Kingo** [kʰiŋkɔ]

Þótt afleiðing framgómunarinnar sé annars konar hljóð en í íslensku minnir umhverfið í fljótu bragði á það íslenska: Framgómun hefur hér orðið á undan frammæltu sérhljóðunum [i:, ɹ, e:, ɛ, ɛi:] en ekki á undan uppmæltum sérhljóðum eins og [a, u:, ɔa:, o:] til dæmis. Hér má þó benda á að þessi framgómun verður ekki í orðum eins og *kíli* þótt sérhljóðið þar eigi rætur að rekja til hljóðs sem var nálægt og frammælt, eins og stafsetningin bendir til. Þar er nú tvíhljóð með uppmæltu upphafi svo þetta er kannski ekki að undra. En þá kemur kannski á óvart að framgómun verður ekki á undan [ɛ] þegar það er hluti af tvíhljóðinu [ɛa:] (sbr. *kavi*, *gaman*) en aftur á móti verður framgómun á undan sama hljóði þegar það er hluti af tvíhljóðinu [ɛi:] (*keypa*) eða er einhljóð (*ketta*, *genta*). Síðan verður ekki hefðbundin framgómun í tökuorðum eða erlendum orðum, ekki einu sinni þegar nálægu hljóðin [i:, ɹ] fara á eftir gómhljóðinu í orðum sem lengi hafa verið í málinu (eins og nafn sálmaskáldsins Kingos).

Af þessum undantekningum má sjá að hin hefðbundna framgómun í færeysku lýtur ekki hreinum hljóðfræðilegum skilyrðum. En hvað verður þá um öll þessi „uppgómmæltu“ hljóð á undan frammæltu sérhljóðunum? Jú, svarið er að þótt frammæltu sérhljóðin í b- og c-liðum valdi ekki ekki hinni hefðbundnu færeysku framgómun þá valda þau **hljóðfræðilegri** framgómun, þ.e. þau hljóð sem hér eru flokkuð sem uppgómmælt eru ekki mynduð eins aftarlega í munni og uppgómmælt lokhljóð á undan uppgómmæltum sérhljóðum (sjá t.d. Höskuld Þráinsson og félagar 2012:46). Ég sé ekki betur en þetta sé alveg sams konar fyrirbæri og Eiríkur ræddi um í sinni grein (1983) í tengslum við orðmyndir eins og *sagði* þegar /ð/ er fellt brott og eins og áður sagði tel ég þetta vera sama eðlis og þá „framgómun“ sem Haukur (2013a) telur verða á undan [i] yfir orðaskil í íslensku. Í báðum tilvikum er um að ræða hreina hljóðfræðilega eða hljóðmyndunarlega aðlög-

un sem ekki hefur neitt hljóðkerfislegt gildi og í báðum tilvikum er þessi hljóðfræðilega aðlögun skýrt aðgreind frá „raunverulegri framgómun“ í málunum. Vegna þess að hin hefðbundna framgómun í færeysku er (eða var) ennþá róttækari en sú íslenska er ennþá auðveldara að heyra muninn á hljóðfræðilegu framgómuninni og þeirri hefðbundnu í færeysku. Í því sambandi skiptir í raun engu máli hvort hefðbundna framgómunin er ennþá lifandi regla í færeysku eða ekki eða hvar hún á heima í lagskiptingu málkerfisins.<sup>19</sup> Hljóðfræðilega aðlögunin er augljóslega annars eðlis.

#### 4. Að heyra máhljóð stuðla saman

Síðasta, og í raun mikilvægasta, rannsóknarspurningin sem var nefnd hér frammar var þessi:

- (1) c. Skipa málnotendur máhljóðum í jafngildisflokka vegna þess að þeir „heyra þau stuðla saman“ eða heyra málnotendur hljóð stuðla saman af því að þau tilheyra sama jafngildisflokki?

Hér held ég að svarið hljóti að vera það að málnotendur „heyra máhljóð stuðla saman“ vegna þess að þau tilheyra sama jafngildisflokki en ekki öfugt. Þetta á þó væntanlega bara við um þá sem hafa svokallað brageyra. Það er reyndar ekki auðskýrt fyrirbæri en þó er staðreynd að sumir eiga auðvelt með að heyra hvað stuðlar saman og hvað ekki, hvenær stuðlar standa á réttum stað og hvenær ekki en aðrir gera sér enga grein fyrir þessu. Þessi tilfinning hefur síast inn í þá sem hafa brageyra án þess að þeim hafi verið kennt nokkuð um þetta. Trúlega fer þeim nú fækkandi sem hafa brageyra. Ágæta lýsingu á eðli brageyrans og mikilvægi þess má lesa hjá Heimi Pálssyni (2006:39). Af henni má ráða að það að heyra og hlusta á hefðbundinn kveðskap, jafnvel læra hann utan að, skapi þessa tilfinningu og bein kennsla komi þar ekkert við sögu.<sup>20</sup>

<sup>19</sup> Hér má hins vegar nefna að í færeysku koma hálfloklhljóðin [tʰ, tʃ] ekki bara fyrir þar sem framgómun uppgómmæltra lokhljóða verður (eða hefur orðið) heldur líka í orðum þar sem ritað er *tj-* (*tjaldur*) og *dj-* (*djór* ‘dýr (no.)’). Miðað við þá tilgátu um stuðlun sem lýst er hér frammar gæti þetta valdið því að hálfloklhljóðin stuðluðu ekki við /k, g/ í færeysku. Því miður er örðugt að prófa það því að Færeyingar hafa að mestu týnt niður hefðbundinni stuðlasetningu og þar með brageyra.

<sup>20</sup> Brageyrað, eða tilfinning fyrir stuðlum, er líka til umræðu í nýlegum bragfræðiritum, svo sem doktorsritgerð Ragnars Inga Aðalsteinssonar (2010:59–61) og bragfræðiriti Kristjáns Árnasonar (2013:176 o.áfr.), eins og yfirlisari bendir á. Þar kemur þó að sumu leyti fram meiri trú á lærðar reglur en hjá Heimi.

Fyrr á tímum lærði fólk mikið af hefðbundnum ljóðum og vísum utan að og það hefur áreiðanlega átt mikinn þátt í viðhaldi brageyrans. Slíkur lærdómur hefur hins vegar ekki átt upp á pallborðið í skólum undanfarna áratugi. Það er kannski helst í leikskólum sem krakkar læra vísur og texta, en þá er undir hælinn lagt hvort þar er einhver regluleg stuðlasetning eða ekki. Í því sambandi má t.d. bera saman hina hefðbundnu gerð textans um Gamla Nóa og eina þeirra sem nú er algeng á leikskólum (stuðlasetning sýnd eins og áður með feitu letri þar sem hennar verður vart):

**Hefðbundinn texti:**

Gamli Nói, Gamli Nói  
guðhræddur og vís.  
Mikilsháttar maður  
mörgum velviljaður  
o.s.frv.

**Yngri texti:**

Gamli Nói, Gamli Nói,  
keyrir brunabíl.  
Hann kann ekki að stýra  
brýtur alla gíra  
o.s.frv.

Hér fer stuðlasetningin öll úr skorðum í yngri gerðinni um leið og hinu hefðbundna upphafi sleppir. Það stuðlar því lítið að viðhaldi brageyrans að læra þessa gerð.

En hvernig sem á brageyrinu stendur er ljóst að sá sem hefur brageyra og hreinan *kv*-framburð (eins og ég hef sjálfur) **heyrir** t.d. þá stuðlasetningu í vísuþroti Sigurðar Breiðfjörð sem sýnd er í (11a) **og engu aðra** (stuðlar og höfuðstafir auðkenndir á sama hátt og áður, sbr. líka Höskuld Þráinsson 1981:113):

(11) a. Sólin klár á hveli heiða                    [k<sup>h</sup>]                    [k<sup>h</sup>]  
          hvarma gljár við baugunum.            [k<sup>h</sup>]

Af öðrum kveðskap Sigurðar má hins vegar ráða að hann stuðlar *hv*- á móti *h*- og hefur því aðeins skynjað stuðlana eins og sýnt er í (11b) (og *k* í *klár* hefur ekki verið stuðull í hans máli eins og í mínu því þá væri hér um ofstuðlun að ræða):<sup>21</sup>

(11) b. Sólin klár á hveli heiða                    [x]                    [h]  
          hvarma gljár við baugunum.            [x]

<sup>21</sup> Eysteinn Sigurðsson (1986) og Gunnar Ólafur Hansson (2013) ræða líka um vitnisburð hugsanlegrar ofstuðlunar í tilvikum af þessu tagi. — Ath. að hér skiptir ekki máli hvort Sigurður hefur haft [xv]- eða [x<sup>w</sup>]-afbrigði af *hv*-framburði, en hann hefur líklega ekki haft ókringda afbrigðið [x] því það virðist nú einkum bundið við austanvert Suðurland (t.d. Rangárvallasýslu) en önnur afbrigði *hv*-framburðar má finna víðar.



Þetta má t.d. sjá af eftirfarandi vísuþroti Sigurðar, sem *kv*-mönnum eins og mér finnst rangstuðlað eins og fram kemur í (12a) (þ.e. höfuðstaf vantar) en hlýtur að hafa verið eðlilegt í eyra (og munni) Sigurðar eins og sýnt er í (12b): (sjá líka Höskuld Þráinsson 1981:113):

- |         |                         |   |     |
|---------|-------------------------|---|-----|
| (12) a. | Sunna háa höfin á       | [h]   | [h] |
|         | *hvítum stráir dreglum. | (enginn höfuðstafur í <i>kv</i> -framburði) |     |
|         | b. Sunna háa höfin á    | [h]   | [h] |
|         | hvítum stráir dreglum   | [x] (höfuðstafur í <i>hv</i> -framburði)    |     |

Samkvæmt mínu brageyra er stuðlatilraun Sigurðar í þessu vísuþroti alveg jafnslæm og (13a) en (13b) væri aftur á móti alveg eðlileg stuðlun (hér er notuð hefðbundin hljóðritun):

- |         |                        |                      |     |
|---------|------------------------|----------------------|-----|
| (13) a. | Sunna háa höfin á      | [h]                  | [h] |
|         | *kátum stráir dreglum. | (enginn höfuðstafur) |     |
|         | b. Sunna háa höfin á   | [h]                  | [h] |
|         | hlýjum stráir dreglum. | [l]                  |     |

Ef stafsetning skipti einhverju máli í þessu sambandi ætti (12a) að vera ásættanlegra dæmi fyrir *kv*-menn en (13a) en ég finn engan mun á þessu tvennu. Og ef ég gæti stuðlað *hv*- á móti *h*-, rétt eins og þeir geta sem hafa *hv*-framburð, ætti mér að finnast vera ofstuðlun í *Sólin klár á hveli heiða* en ég hef aldrei haft neina tilfinningu fyrir því (og hélt reyndar upphaflega að þessi lína sýndi að Sigurður Breiðfjörð hefði haft *kv*-framburð eins og ég).

Haukur nefnir fáein atriði (2013a:73–74) til að styðja þá hefðar- og stafsetningarskýringu sem hann aðhyllist í tilvikum af þessu tagi. Hann vitnar í fyrsta lagi í ummæli sem Ragnar Ingi Aðalsteinsson (2010:326) hefur eftir Þórarni Eldjárn. Þar segir Þórarinn að hann forðist að stuðla saman orð með *hv*- og orð með *kv*- þótt slík stuðlun væri í samræmi við framburð hans. Þetta er auðvitað alveg skiljanleg afstaða hjá lærðum manni sem þekkir tilbrigði í framburði og veit þar með að slík stuðlun hentar ekki brageyra allra.<sup>22</sup> Ef *hv*-stuðlun á móti *h*-orðum annars vegar

<sup>22</sup> Þegar Þórarinn segir aftur á móti að „máltilfinning“ hans segi honum að það væri rétt að „stuðla *hv* alfarið við *h*“ en hann hafi ekki „dirfsku“ til þess hlýtur hann í raun og veru að vera að tala um þekkingu á máli eða málsögu fremur en máltilfinningu. Ella þyrfti hann ekki á neinni dirfsku að halda til að stuðla þannig eins og fjölmörg skáld gera og hafa gert, t.d. Sigurður Breiðfjörð. Hann hefur líka sagt frá því annars staðar að líklega forðist hann meðvitað að stuðla *hv*- á móti *k*-, eins og honum væri þó eðlilegt, af því að hann hafi endur fyrir löngu lesið neikvæði ummæli eftir Jón Helgason prófessor um þess háttar stuðlun.

og *k*-orðum hins vegar ræðst af framburði viðkomandi skálda og hagrýðinga en **ekki** af hefð, þ.e. af því hvort þau hafa *hv*-framburð eða *kv*-framburð, verður auðskiljanlegt hvernig á því stendur að það er greinileg fylgni milli þess hvaðan skáldin eru upprunnin og hvernig þau stuðla *hv*-orð. Hér eru fjögur dæmi frá þekktum skáldum frá Norðurlandi (*kv*-svæði) annars vegar og Suðurlandi (*hv*-svæði) hins vegar:

(14) a. *kv*-stuðlun:

Byljir kátir kveðast á,  
hvín í sátri og hjöllum.<sup>23</sup>

(Stephan G. Stephansson, uppalinn í Skagafirði og S-Þingeyjar sýslu á síðari hluta 19. aldar.)

b. *kv*-stuðlun:

á hverju einasta kvöldi  
karl einn þangað rær.

(Davíð Stefánsson, Eyfirðingur, uppi á 20. öld.)

c. *hv*-stuðlun:

Eg er að hugsa um hvernig fer,  
hvort þú sért í vanda.

(Þorsteinn Erlingsson, uppalinn í Rangárvallasýslu á síðari hluta 19. aldar.)

d. *hv*-stuðlun:

og naktir armar og hrjúfir hljómar  
hverfðust í glitrandi móðu

(Tómas Guðmundsson, Árnesingur, uppi á 20. öld.)

Þennan mun og þessa fylgni við uppruna og líklegan framburð er einfaldast að skýra með því að þeir sem hafa *kv*-framburð hafi einfaldlega /k/ í þessum *hv*-orðum og ekki /h/.

Þrátt fyrir þetta eru fáein dæmi til um að sama skáldið stuðli *hv*-orð ýmist á móti *h*-orðum eða *k*-orðum, eins og Eysteinn Sigurðsson hefur bent á (1986). Meðal skálda sem þannig virðast fara að er Bólu-Hjálmar (uppalinn við Eyjafjörð á 19. öld en bjó lengst af í Skagafirði). Eysteinn skýrir það svo að hann kunni að hafa haft blandaðan *hv*-/*kv*-framburð og þá líklega þannig að flest *hv*-orð hafi hann borið fram með *kv*-framburði en önnur ekki eða síður (1986:16). Annað skáld af svipuðu svæði og tíma er Jónas Hallgrímsson og Eysteinn telur (1986:18) að hann hafi oftast

<sup>23</sup> Eins og sjá má hefði verið ofstuðlun (aukstuðlun) í seinni línunni ef Stephan hefði getað látið *hv*-stuðla á móti *hj*- eins og þeir geta sem hafa *hv*-framburð.

stuðlað *hv*-orð á móti *h*- þótt hitt komi líka fyrir. Þetta þarf svo sem ekki að koma á óvart því að blandaður framburður er vel þekktur á Íslandi eins og Björn Guðfinnsson (1946) var manna fyrstur til að lýsa í smáatriðum. Eins og Eysteinn bendir á gæti það þá verið mismunandi eftir orðum hvort menn hafa *hv*- eða *kv*-framburð í þeim. Breytilega stuðlun *hv*-orða þyrfti þá að skoða með það í huga.<sup>24</sup>

Nú myndi Haukur kannski segja að þessi tilbrigði í stuðlun væru einmitt það sem búast mætti við ef stuðlunin réðist að verulegu leyti af hefð sem menn gætu að einhverju leyti ráðið hvort þeir fylgdu (sjá t.d. umræðu hans 2013a:73–74). En ef þeir kjósa að fylgja henni ekki, eftir hverju fara þeir þá? Hlýtur það ekki að vera brageyrað? Og erum við þá ekki að segja að brageyrað sé til og hljóti að byggjast á hljóðkerfinu?<sup>25</sup>

Í öðru lagi segir Haukur (2013a:73):

Hins vegar veit ég ekki til að neitt skáld hafi tekið upp á að stuðla <hl> aðeins við <hl>, <hj> aðeins við <hj> og svo framvegis. Hvers vegna breytist ein hefð í takt við hljóðfræðilegar breytingar en önnur ekki?

Þessi klausa er ekki alveg auðskilin svona án samhengis, en í því sem á undan fer gengur Haukur út frá því sem vísu að orð sem eru rituð með *hl*-

<sup>24</sup> Ragnar Ingi Aðalsteinsson ræðir *hv*-stuðlun Jónasar Hallgrímssonar nokkuð (2010: 61–63). Þar segir hann að Jónas stuðli *hv*- „í örfá skipti“ á móti *k*- en annars á móti *h*-. Ragnar túlkar þetta þannig Jónas hafi í raun haft *kv*-framburð (uppalinn í Öxnadal snemma á 19. öld) en samt oftast stuðlað *hv*- á móti *h*- „til að fylgja hefðinni ... eða til að ganga ekki gegn málvitund þess hluta þjóðarinnar sem ekki hafði *kv*-framburð“. Mér sýnist aftur á móti alveg eins líklegt að Jónas hafi haft blandaðan *hv*-/*kv*-framburð og þá e.t.v. þannig að *kv*-framburðurinn hafi verið bundinn við tiltekin orð. Í því sambandi er athyglisvert að í einu dæmin sem Ragnar nefnir til stuðnings því að Jónas hafi haft *kv*-framburð innihalda orðmyndirnar *hvur*, *hver* og *hvurt*. Eysteinn Sigurðsson (1986:18–21) nefnir nokkur fleiri dæmi um *kv*-stuðlun Jónasar (eða annan stuðlavitnisburð um *kv*-framburð) og þau innihalda flest orð eins og *hver*, *hvergi*, *hvenær*, *hvort*, *hvað*. Jónas gæti því hafa haft *kv*-framburð í þessum orðum (og öðrum álíka) en *hv*-framburð í *hv*-orðum af öðru tagi (t.d. *hverfult*, *hvít* sem Ragnar nefnir sem dæmi um *hv*-stuðlun Jónasar).

<sup>25</sup> Ég þakka nafnlausum yfirlesara fyrir þessa ábendingu. — Hér má líka nefna að sé hefð og stafsetningu gefið eins mikið vægi og Haukur vill víða gera koma upp svipuð vandamál þegar titið er á þróun stuðlasetningar í orðum sem hefjast á *sn*- og *sl*- til dæmis, eins og sami yfirlesari bendir á. Slík orð stuðla stundum á móti orðum sem hefjast á *st*- (sbr. alþekktar línur eftir Matthías Jochumsson: *Sturla kvað yfir styrjarhjarli/Snorri sjálfur á feigðarþorra* og margt fleira) en ekki á móti orðum sem hefjast bara á *s*-. Þetta er stundum kallað **sníkjuhljóðsstuðlun** og er jafnan skýrt með því að þarna hafi [t] laumast inn á milli /s/ og /n,l/. Það er auðskilið ef miðað er við heyrandi brageyra en torskilið ef heyrnarlaus hefðarregla er veigamikið atriði í stuðlun. Sníkjuhljóðsstuðlun er rædd nokkuð ítarlega í doktorsriti Ragnars Inga Aðalsteinssonar (2010:191–194 og víðar).



*hn-*, *hr-* og *hj-* í framstöðu innihaldi ekkert [h] lengur þótt þau hafi áður haft það heldur hefjist þau einfaldlega á órödduðu hljóðunum [l̥, ɲ, r, ç]. Þess vegna sé ekki lengur nein hljóðfræðileg ástæða fyrir því að stuðla saman orð eins og *hestur*, *hlaupa*, *hnafi*, *bryssa*, *hjóla* heldur hljóti hér að vera um hefðarreglu (studda stafsetningunni) að ræða. Ef hefðarreglan kæmi ekki til sögunnar mætti nefnilega búast við að einhverjir stuðluðu bara saman orð sem eru rituð með *hl-* og hefjast því nú á [l̥] samkvæmt hefðbundnum hugmyndum og myndu þá t.d. ekki stuðla þau við orð sem hefjast á *hn-*, þ.e. [ɲ]. Slík stuðlun væri í samræmi við þá skýringu að *kv-* menn stuðli saman orð sem eru rituð með *hv-* annars vegar og *k-* hins vegar af því að í báðum tilvikum hefjist slík orð á [k<sup>h</sup>] og það sé ástæðan fyrir því að þeir hinir sömu stuðli ekki slík orð á móti orðum sem hefjast á [h].

Það er hins vegar ekkert gefið að sú algenga íslenska hefð að hljóðrita orð eins *hlaupa*, *hnafi* o.s.frv. einfaldlega með [l̥] og [ɲ] sé rétt (sbr. Gunnar Ólaf Hansson 2013:201), enda hafa ýmsir íslenskir hljóðfræðingar í raun talið slík orð hefjast á [h] (þó ekki *hj-* orðin, sjá Höskuld Þráinsson 1981:111 og rit sem þar er vísað til) og Haukur víkur reyndar að þessum möguleika (2013a:69n). Annar möguleiki væri sá að orðin hæfust á órödduðu afbrigði viðkomandi hljóðs og síðan færi raddað afbrigði á eftir, þ.e. birtingarmyndin væri þá t.d. [ll̥] og [ɲɲ], eins og Gunnar Ólafur telur hugsanlegt (2013:201).<sup>26</sup> Haukur fellst reyndar á þennan möguleika í svari sínu við andmælum Gunnars Ólafs (2013c:209) nema að því er varðar *hj-* og *hv-*orðin. Í doktorsritgerðinni (2013a:69–70) ræðir hann hins vegar um þessa spurningu frá almennu sjónarmiði, m.a. þá hugmynd Eiríks Rögnvaldssonar (1993:56–57) að greina upphafshljóð orða eins og *hlaupa* og *hnífur* sem /hl/ og /hn/ þótt þau geti síðan birst sem [l̥] og [ɲ].<sup>27</sup> Í því sambandi vísar hann í eftirfarandi ummæli Kristjáns Árnasonar (2005:171):

<sup>26</sup> Ellert Þór Jóhannsson, Hallgrímur J. Ámundason, Ingimar K. Helgason og Jóhannes Bjarni Sigtryggsson komust að nokkuð svipaðri niðurstöðu (1998) um framburð *hj-*, *hl-*, *hn-* og *hr-*orða. Þeir gerðu tilraunir og skoðuðu hljóðrófsrit og fundu oft merki um óraddaðan hluta með raddaðan hluta á eftir í upphafi orða af þessu tagi (Eiríkur Rögnvaldsson birtir líka svipuð hljóðrófsrit í kennslubók sinni 2013:42). Þetta gat þó verið nokkuð mismunandi eftir því hvaða hljóð áttu í hlut og jafnvel eitthvað einstaklingsbundið. Hin almenna niðurstaða þeirra varð síðan sú að viðkomandi hljóð (eða hljóðasambönd) ættu ekki nægilega mikið sameiginlegt „frá hljóðfræðilegu sjónarmiði“ til þess að þau líkindi skýrðu stuðlun þeirra innbyrðis, en þá voru þeir reyndar líka að tala um *hv-*orð (Ellert og félagar 1998:29).

<sup>27</sup> Gunnar Ólafur Hansson stingur líka upp á svipaðri lausn í andmælum sínum

Og þá má enn spyrja hvort ástæða sé til að „taka út fyrir sviga“ einn þátt eins og raddleysi hljóðanna [ç, ŋ, ʃ] og [r] og gera hann að sérstakri „hljóðsneið“ eða hljóðani, þ.e. /h/. Væri þá ekki eðlilegt að greina [f] sem /hv/ og [θ] sem /hð/, úr því að farið væri að nota /h/ til að greina raddleysi í önglhljóðum og hljómendum? Líklegt er að mörgum þætti það óeðlileg greining.

Hér er því til að svara að ef greiningu [f] sem /hv/ og greiningu [θ] sem /hð/ mætti styðja einhverjum sjálfstæðum rökum, t.d. þeim að [f] og [θ] stuðluðu við [h], þá væri hún alveg „eðlileg“. En nú vill svo til að slík rök virðast ekki vera fyrir hendi. Um þetta segir Haukur síðan (2013a:70):

Ef stuðlunin [þ.e. stuðlun orða stafsettra með *hj-*, *hl-*, *hn-* og *hr-*] er hljóðkerfislega eðlileg [þ.e. þar liggur /h/ eða #h# að baki] þarf því að vera eitt-hvað sem greinir [θ] og [f] frá hinum órödduðu hljóðunum og veldur því að málnotandinn greini þessi hljóð ekki með #h# í baklægri gerð. Mér þykir vandséð á hverju þessi aðgreining gæti byggst.

Ég held hins vegar að þetta sé ekkert sérstaklega „vandséð“, jafnvel þótt við gerum ekki ráð fyrir að orð stafsett með *hj-*, *hl-*, *hn-* og *hr-* hefjist á [h]. Fónemin (eða málhljóðin) /p/ og /f/ eru nefnilega **önglhljóð** í eðli sínu og það er mjög eðlilegt og algengt í tungumálum heimsins að önglhljóð séu órödduð (og það endurspeglast þá væntanlega í algildismálfræðinni, e. *universal grammar*, þ.e. þeim almennu „hugmyndum“ sem málnotendur hafa um eðli mannlegs máls við upphaf máltöku). Það er því ekkert „óvænt“ fyrir málnotandann að orð geti hafist á órödduðu önglhljóði. Fónemin /l, m, n, r/ eru hins vegar svonefndir **hljómendur** (e. *sonorants*) og hljómendum er **ekki** eðlilegt að vera óraddaðir, þ.e. óraddaðir hljómendur eru almennt sjaldgæfir í málum heimsins og koma yfirleitt aðeins fyrir við sérstakar aðstæður.<sup>28</sup> Þetta má líka orða svo að gildið [–raddað]

(2013:201), þ.e. þeirri að „fónemið /h/ hafi hljóðbrigðið [l] þegar /l/ fer á eftir“ og orð eins og *hlaupa* til dæmis hefjist því á /hl/ sem kemur fram sem [ll] í framburði. Ég sé svo sem ekki að það breyti miklu hvort við gerum ráð fyrir að sá óraddaði hluti af /l/ sem við heyrum í orðum af þessu tagi og kemur fram á mælingum sé afbrigði af fónemínu /h/ eða hvort fónemið /h/ rennur með þessum hætti saman við fónemið /l/ í framburði eða veldur afröddun á því, eins og Eiríkur gerir ráð fyrir. Í báðum tilvikum þarf að gera ráð fyrir /h/ sem síðan hverfur eða samlagast /l/ eða öðrum eftirfarandi hljóðum af svipuðu tagi með einhverjum hætti, þótt Magnús Pétursson (1976:36, 60; 1978:61–62) teldi mælingar reyndar sýna að í orðum af þessari gerð mætti a.m.k. stundum finna merki um [h].

<sup>28</sup> Eins og yfirlesari bendir á endurspeglast umræddur munur önglhljóða og hljómenda líka í því að í alþjóðlega hljóðritunarkerfinu (IPA) eiga órödduð önglhljóð sín sérstöku tákn en engin sértákn eru fyrir órödduð afbrigði af hljómendum /l, m, n, r/. Í hljóðritun er raddleysi þeirra því sýnt með sérstöku raddleysimerki.



sé merkt þegar hljómendur eiga í hlut en ekki þegar um öngljóð er að ræða. Þess vegna er eðlilegt að málnotandi leiti „hljóðkerfislegra skýringa“ á því ef orð virðist hefjast á órödduðum hljómandi og þá er það nærtækasta skýringin að þessi orð hefjist í raun á /h/ sem veldur síðan afröddun hljómandans. Ef Magnús Pétursson (1976, 1978) og fleiri hafa síðan rétt fyrir sér um það að [h] komi a.m.k. stundum fyrir í sumum þessara *hl-*, *hn-*, *hr-*orða myndi þessi hljóðkerfislega greining málnotandans líka fá stuðning af því. Og ef /j/ er hálfserhljóð í íslensku, eins og ýmsir hafa talið (þar á meðal Gunnar Ólafur Hansson 2013:201n og jafnvel líka Haukur sjálfur) gildir sama um það og /l,m,n,r/ að þessu leyti: Það er hljómandi (ekki „hindrunarhljóð“ (e. *obstruent*) eins og öngljóð) og þess vegna er eðlilegt að málnotandinn leiti líka hljóðkerfislegra skýringa á því, ef svo má segja, ef orð virðist byrja á órödduðu /j/ og þá er greiningin /hj/ það sem helst kemur til greina.<sup>29</sup> Þar með væri samstuðlunin skýrð á hljóðkerfislegan hátt.

Samstuðlun *hv*-orða við [h] í *hv*-framburði verður hins vegar ekki skýrð á sama veg með einföldu móti. Helst virðist koma til greina að segja sem svo að fónemið /h/ hafi afbrigðið [x] á undan /v/ í máli þeirra sem hafa *hv*-framburð, en síðan er það mismunandi eftir einstaklingum hvernig þetta /v/ kemur fram í framburði, þ.e. hvort við fáum [xv], [x<sup>w</sup>] eða hvort /v/ hverfur alveg og eftir verður bara [x] eins og tíðkast í svokölluðum ókringdum *hv*-framburði. Hljóðin [x] og [h] eru auðvitað býsna lík og ekki aðgreind í öllum málum. Kannski hefði mátt búast við því að /hv/ þróaðist í [f] fremur en [xv], en e.t.v. hefur mikill fjöldi *f*-orða í málinu hindrað samfall [xv] og [f].<sup>30</sup>

## 5. Samantekt

Eins og hér hefur verið rakið leitar Haukur oft á náðir hefðarreglna og stafsetningar til að skýra stuðlun þegar honum sýnist að hljóðfræðilegar

<sup>29</sup> Það er hins vegar rétt, eins og yfirlesari bendir á, að óraddaða afbrigðið af /j/ í framstöðu verður oft býsna öngljóðskennt, enda oftast táknað með [ç], sem er tákn fyrir óraddað framgómmeð öngljóð. Það /l/ sem verður til við afröddun á undan /t/ til dæmis getur líka orðið öngljóðskennt í framburði (þ.e. [t]), eins og Gunnar Ólafur bendir á (2013:201) en óraddaða /l/-ið í framstöðu orða eins og *hlátur* hljómar yfirleitt ekki þannig.

<sup>30</sup> Reyndar mun ekki dæmalaust að orð rituð með *hv*- séu borin fram með [f] í framstöðu. Til þess bendir a.m.k. vísubrot sem ég heyrði fyrir löngu og hefst einhvern veginn svona: *Fur fjandinn hóar og það gengur á ...*, þ.e. *Hvur fjandinn hóar og hvað gengur á ...*Þarna var, að ég held, verið að herma eftir framburði einhvers eða einhverra.



eða hljóðkerfislegar skýringar leiði í ógöngur. Megingallinn við þessa aðferð Hauks er sá að stundum þarf að gera ráð fyrir að hefðarreglur og stafsetning skipti öllu máli, t.d. þegar orð rituð með *hl-*, *hn-*, *hr-* og *hj-* stuðla á móti orðum sem byrja á *h-* með eftirfarandi sérhljóði. Í öðrum tilvikum þarf hins vegar að segja að þessi atriði skipti litlu eða engu máli, t.d. þegar *hv-* stuðlar á móti *k-* eða þegar svonefnd sníkjuhljóðsstuðlun kemur upp (t.d. þegar *sn-* og *sl-* stuðla á móti *st-*, sbr. nmgr. 24).<sup>31</sup> Þetta hömluleysi á því hvernig og hvenær vísað er til hefðar og stafsetningar veldur því að skýringargildið verður ákaflega takmarkað. Annar galli á þessari aðferð er síðan sá að hún dregur úr trúverðugleika stuðlasetningar sem heimildar um hljóðkerfi og málbreytingar eins og áður var bent á.

Með þetta í huga hefur hér verið reynt að færa rök að því að hljóðkerfislegar skýringar á samstuðlun mismunandi gómhljóða og samstuðlun *h-* orða séu ekki eins ólíklegar og Haukur Þorgeirsson heldur fram í doktorsritgerð sinni (2013a). Þess vegna sé óþarft, og í raun rangt, að vísa eins oft til hefðar og stafsetningar og hann gerir. Í þeim rökstuðningi hefur verið vitnað til ýmissa málfræðinga sem áður hafa fjallað um þetta efni og stuðst við hugmyndir þeirra að verulegu leyti og þær bræddar saman.

Gussmann (1984) vildi halda því fram að öll framgómmeðt lokhljóð væru leidd af uppgómmeðtum með sama hætti, þ.e. með sams konar framgómunarreglu sem væri að vísu ekki hljóðfræðilega eðlileg. Haukur eyðir miklu þúðri í að sýna fram á að þessi skoðun Gussmanns hljóti að vera röng og þar hefur hann áreiðanlega rétt fyrir sér, eins og Eiríkur Rögnvaldsson (1993, 2013), Guðvarður Már Gunnlaugsson (1993), Kristján Árnason (2005, 2011) og Gunnar Ólafur Hansson (2013) hafa líka bent á, hver með sínu móti. Aðalatriðið er hins vegar það að **ekkert mælir í raun gegn því að öll framgómmeðt lokhljóð í íslensku séu leidd af uppgómmeðtum**, ekki bara sögulega heldur samtímalega. Líklegt verður að telja að þau reglulegu og algengu víxl milli uppgómmeðtra og framgómmeðtra lokhljóða í beygingum orða (sbr. *aka* – *aki*, *sekur* – *sekir* o.s.frv.) hafi stuðlað að langlífi þessarar afleiðslu. Hér er því haldið fram að þessi afleiðsla sé grundvöllur samstuðlunar uppgómmeðtra og framgómmeðtra lokhljóða í íslensku. Það kann að vísu að fela í sér að fónemhugtakið í skilningi hefðbundinnar hljóðkerfisfræði formgerðarstefnunnar dugi ekki til að skýra stuðlun og þörf sé á fónemhugtaki sem er eitthvað óhlutstæðara (eða hlut-

<sup>31</sup> Haukur ræðir reyndar ekki stuðlun af þessu tagi, svo ég fái séð, né heldur aðrar flækjur í stuðlun *s-*orða. Ragnar Ingi fjallar aftur á móti um þær í allöngu máli (2010, 4. kafli).

firrtara, meira abstrakt) en það, en það gerir ekkert til. Allt frá 6. áratug síðustu aldar hafa verið tínd til rök sem benda til þess að hin hefðbundna skilgreining fónems sem margir formgerðarstefnumenn aðhyllast dugi skammt til að gera grein fyrir reglulegum hljóðkerfislegum fyrirbærum (sjá t.d. yfirlit hjá Anderson 1985:314 o.áfr.).

Svipað á við um þá greiningu á stuðlun *hj-*, *hl-*, *hn-* og *hr-*orða sem hér er sett fram, en hún er í samræmi við það sem Eiríkur Rögnvaldsson (1993, 2013) og Gunnar Ólafur Hansson (2013) hafa lagt til: Öll þessi orð innihalda fónemið /h/ þótt það komi ekki alltaf fram og þess sjái stundum aðeins stað í afröddun eftirfarandi hljómena. Slík greining er augljóslega fjær yfirborðinu en ýmsir myndu vilja setta sig við en þó ekki tiltakanlega hlutfirrt og í raun ekki eins fjarlæg yfirborðinu og algengar íslenskar hljóðritunarvenjur benda til.

Mér sýnist aftur á móti erfiðast að skýra stuðlun *hv-*orða við önnur orð sem hefjast á *h* og þar er Hauki því nokkur vorkunn að grípa til hefðarreglu og vísa til stafsetningar (þótt mér sýnist hann reyndar vilja setja öll *h*-orð undir sama hatt í aðalatriðum að því er þetta varðar, líka þau þar sem hljóðfræðileg eða hljóðkerfisleg skýring er nærtækari). Hann gerir ráð fyrir því að upphaflega hafi öll orð sem nú eru stafsett með *h*-hafist á sama fónemi sem líklega hefur verið borið fram eitthvað í líkingu við [x] (2013a:73). Síðan breytist framburðurinn í flestöllum tilvikum en menn halda samt áfram að stuðla öll þessi orð saman vegna hefðar sem „viðhelst af því að menn þekkja gamlan kveðskap og fær stuðning af því að vera eðlileg frá sjónarmiði stafsetningarinnar“, eins og Haukur orðar það (s.st.) og vísar þar í svipaðar hugmyndir hjá Kristjáni Árnasyni (1991:14–15). En eins og Schulte bendir á í andmælum sínum (2013:219–220) virðist þarna gert býsna mikið úr áhrifum stafsetningar ef haft er í huga að framan af öldum hafa mörg skáld og hagarðingar líklega verið ólæs og óskrifandi og því trúlega ónæm fyrir áhrifum stafsetningar. Aftur á móti mætti snúa þessari röksemd við og segja sem svo: Af hverju veldur það yfirleitt engum erfiðleikum í stafsetningu að læra að skrifa öll þessi *h*-orð með *h* í upphafi? Er það ekki einmitt vegna þess að þau eiga eitthvað sameiginlegt frá hljóðkerfislegu sjónarmiði enn þann dag í dag?

Í framhaldi af þessu er vert að minna á að margar rannsóknir hafa þótt benda til þess að við skynjum máhljóð öðruvísi en önnur hljóð.<sup>32</sup> Hvernig við skynjum máhljóð ræðst að verulegu leyti af því hljóðkerfi sem við höfum tileinkað okkur en ekki einfaldlega af hljóðeðlisfræðilegum eigin-

<sup>32</sup> Ágætt yfirlit yfir grundvallaratriði talskynjunar má finna hjá Jörgen Pind (2005).

leikum máhljóðanna. Það er því ekki eins langsótt og sumir halda að málnotendur geti skynjað ýmislegt í máli sem erfitt er að finna hljóðeðlisfræðilegan stað.

Að lokum má taka undir með yfirlesara sem bendir á að erfitt sé að **sanna** að þær hljóðkerfislegu skýringar sem hér hefur verið haldið fram séu réttari en þær hefðarskýringar sem Haukur aðhyllist í doktorsriti sínu. Í raun og veru snýst málið um eftirfarandi: Til að skýra samstuðlun hljóða sem ekki eru eins í framburði er hægt að fara tvær leiðir:

A: Leita hljóðkerfislegra skýringa.

B: Segja að stuðlunin ráðist af hefð, sem stundum fái stuðning af stafsetningunni.

Haukur telur að hljóðkerfislegu skýringarnar hafi of marga galla, verði of óhlutstæðar og of margar undantekningar séu frá þeim reglum sem þá þurfi að gera ráð fyrir. Hér hefur því verið haldið fram að þessar skýringar séu ekki eins óhlutstæðar og oft sé haldið fram (t.d. varðandi stuðlun *h*-orða) og undantekningar frá reglum á borð við framgómunarregluna (-reglurnar) skipti í raun ekki máli því eftir sem áður geti öll framgómumælt lokhljóð verið leidd af uppgómumæltum í hljóðkerfi nútímamáls. Aftur á móti hafi hefðarskýringin þann galla að stundum þurfi að gera ráð fyrir að hefðin skipti máli en stundum ekki,<sup>33</sup> stundum að stafsetningin skipti máli og stundum ekki, eins og nefnt var hér framar. Þess vegna hafi þessi leið takmarkað skýringargildi. Hún sé auk þess nokkuð dýru verði keypt því hún feli í raun í sér að minna mark sé takandi á stuðlasetningu sem málheimild en oftast sé gert ráð fyrir í sögulegri málfræði. Það er hins vegar líklegt að málfræðingar og bragfræðingar haldi áfram að vera ósamála um ágæti þessara ólíku leiða.

#### HEIMILDIR

Adams, Jonathan, og Hjalmar P. Petersen. 2014. *Faroese – A Language Course for Beginners*. Textbook and Grammar. 3. útg. Stíðin, Þórshöfn.

Anderson, Stephen R. 1985. *Phonology in the Twentieth Century: Theories of Rules and Theories of Representations*. University of Chicago Press, Chicago.

<sup>33</sup> Yfirlesari segir að samkvæmt hugmyndum Hauks sé það „óhjákvæmilegt“ að málbreytingar leiði til „breytinga á bragvenjum“ þegar samfall hljóða á sér stað. Ég get þó ekki séð að svo sé, sbr. að Haukur heldur því fram að hagarðingar geti haldið áfram að stuðla saman *h*- og *hv*- þótt *hv*- og *kv*- hafi fallið saman í [k<sup>h</sup>v] í framburði þeirra, en þeir kjósi reyndar stundum að gera það ekki.



- Björn Guðfinnsson. 1946. *Mállyzkur I*. Ísafoldarprentsmiðja, Reykjavík.
- Eiríkur Rögnvaldsson. 1983. Fáein orð um framgómun. *Íslenskt mál* 5:173–175.
- Eiríkur Rögnvaldsson. 1993. *Íslensk hljóðkerfisfræði*. Málvísindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Eiríkur Rögnvaldsson. 2013. *Hljóðkerfi og orðhlutakerfi íslensku*. Netútgáfa, aðgengileg á slóðinni <http://issuu.com/eirikurr/docs/hoi>.
- Ellert Þór Jóhannsson, Hallgrímur J. Ámundason, Ingimar K. Helgason og Jóhannes Bjarni Sigtryggsson. 1998. Rannsókn á *hj-*, *hl-*, *hn-* og *hr-* í framstöðu í íslensku nútímamáli. Óprentuð námsritgerð, Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Eysteinn Sigurðsson. 1986. Athugasemdir um *h-* og *hv-* í stuðlun. *Íslenskt mál* 8:7–29.
- Guðvarður Már Gunlaugsson. 1993. Framgómun í íslensku. Ásta Svavarsdóttir, Friðrik Magnússon, Gunnlaugur Ingólfsson, Kristín Bjarnadóttir, Margrét Jónsdóttir, Sigurður Jónsson frá Arnarvatni, Stefán Karlsson og Svavar Sigmundsson (ritstj.): *Orðaforði heyrjaður Guðrúnu Kvaran 21. júlí 1993*, bls. 39–44. Reykjavík.
- Gunnar Ólafur Hansson. 2013. Andmæli við doktorsvörn Hauks Þorgeirssonar. *Íslenskt mál* 35:197–207.
- Gussmann, Edmund. 1984. Naturalness, Morphology, and the Icelandic Velar Palatalisation. *Nordic Journal of Linguistics* 7(2):145–163.
- Haukur Þorgeirsson. 2013a. *Hljóðkerfi og bragkerfi. Stoðhljóð, tónkvæði og önmur úrlausnar-efni í íslenskri bragsögu ásamt útgáfu á Rímum af Ormari Fraðmarssyni*. Doktorsritgerð. Hugvísindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Haukur Þorgeirsson. 2013b. Hljóðkerfi og bragkerfi. [Lýsing á doktorsverkefni.] *Íslenskt mál* 35:189–196.
- Haukur Þorgeirsson. 2013c. Svör við spurningum Gunnars. *Íslenskt mál* 35:208–212.
- Heimir Pálsson. 2006. Þegar ljóðlist og tónlist greinir á ... Hjörtur Pálsson, Vésteinn Ólason, Vigdís Finnbogadóttir og Þórður Helgason (ritstj.): *Hugðarefni. Afmáliskveðjur til Njarðar P. Njarðvík 30. júní 2006*, bls. 38–57. JPV útgáfa, Reykjavík.
- Höskuldur Þráinsson. 1981. Stuðlar, höfuðstafir, hljóðkerfi. Guðrún Kvaran, Gunnlaugur Ingólfsson og Svavar Sigmundsson (ritstj.): *Afmáliskveðja til Halldórs Halldórssonar 13. júlí 1981*, bls. 110–389. Íslenska málfræðifélagið, Reykjavík.
- Höskuldur Þráinsson, Hjalmar P. Petersen, Jógvan í Lon Jacobsen og Zakaris Svabo Hansen. 2012. *Faroese. An Overview and Reference Grammar*. 2. útg. Fróðskapur, Þórshöfn, og Málvísindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík. [Fyrst útg. 2004.]
- Ingibjörg B. Frímannsdóttir. 2001. *Um eðli og virkni framgómunar í nútímalslensku. Rannsókn á dreifingu framgómalla loka hljóða*. MA-ritgerð, Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Jón Axel Harðarson. 1997. Forsaga og þróun orðmynda eins og *hagi*, *segja* og *lægja* í íslensku. *Íslenskt mál* 29:67–98.
- Jörgen Pind. 2005. Hljóð og maður. Í bókinni *Hljóð* (aðalhöfundur Kristján Árnason), bls. 481–512. Almenna bókafélagið, Reykjavík.
- Kenstowicz, Michael, og Charles Kisseberth. 1979. *Generative Phonology. Description and Theory*. Academic Press, New York.
- Kristján Árnason. 1978. Palatalization in Modern Icelandic – A Case for Historicism in Synchronic Linguistics. *Lingua* 46(2–3):185–203.
- Kristján Árnason. 1991. *The Rhythms of Dróttkvætt and Other Old Icelandic Metres*. Málvísindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Kristján Árnason. 2005. *Hljóð*. Meðhöfundur Jörgen Pind. Íslensk tunga I. Almenna

- bókafélagið, Reykjavík. [Fáanleg sem vatnsmerkt pdf-skjal í vefverslun Forlagsins, sjá <http://www.forlagid.is/?p=623043>.]
- Kristján Árnason. 2011. *The Phonology of Icelandic and Faroese*. Oxford University Press, Oxford.
- Kristján Árnason. 2013. *Stíll og bragur. Um form og formgerðir íslenskra texta*. Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík.
- Magnús Pétursson. 1976. *Drög að almennri og íslenskri hljóðfræði*. Iðunn, Reykjavík.
- Magnús Pétursson. 1978. *Drög að hljóðkerfisfræði*. Iðunn, Reykjavík.
- Ragnar Ingi Aðalsteinsson. 2010. *Tólf alda tryggð. Athugun á þróun stuðlasetningar frá elsta þekktum norrænum kveðskap fram til nútímans*. Doktorsritgerð. Hugvísindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Schulte, Michael. 2013. On Haukur Þorgeirsson's Doctoral Dissertation. *Íslenskt mál* 35: 213–223.
- Stefán Karlsson. 1989. Tungan. Frosti F. Jóhannsson (ritstj.): *Íslensk þjóðmenning VI. Munnenntir og bókmennir*, bls. 1–54. Þjóðsaga, Reykjavík.

SUMMARY

‘Alliteration, poetic traditions and phonology’

**Keywords:** alliteration, phonemes, phonological rules, equivalence classes, poetic traditions

This paper discusses some issues concerning the relationship between alliteration, phonology and phonetics. It is a continuation of a discussion in the last issue of *Íslenskt mál* in a report on Haukur Þorgeirsson's doctoral defense.

Most of the discussion centers around the alliteration of palatal and velar consonants. It had previously been argued (by Höskuldur Thráinsson 1981) that palatal stops alliterate with velar stops because all palatal stops are derived from underlying velar ones. Haukur argues in his dissertation that this cannot be true because there are too many exceptions to proposed palatalization rules for it to be possible that they are genuine phonological rules. It is argued in this paper that the exceptions do not matter — it is still possible to argue that all palatal stops are derived from velar ones and this is all that matters with respect to alliteration.

The paper also briefly reviews arguments deriving *hj-*, *hl-*, *hm-* and *hr-* words from representations containing an initial /h/ since words of this kind alliterate with each other and with words beginning with an /h/ followed by a vowel. But since [h] does not always show up in the *hj-*, *hl-*, *hm-* and *hr-* words (possibly never in *hj-* words), according to acoustic measurements, it has been maintained that this kind of analysis is too abstract. Besides, it would raise the question what would prevent a similar analysis of words beginning with voiceless fricatives like [f] and [θ] (i.e. taking them to represent underlying /hv/ and /hð/). This paper points out, however, that the alliteration evidence argues against such an analysis (*f*-words and *þ*-words to not alliterate with *h*-words). In addition, voiceless fricatives like [f] and [θ] (and voiceless obstruents in general) are extremely common and natural whereas voiceless sonorants are a very rare and marked phenomenon.

Hence it would be natural for the speaker acquiring Icelandic to “assume” that there is some special reason why these words appear to begin with voiceless sonorants. Analyzing them as containing an initial /h/ would then be the most natural option, especially since an [h] sometimes appears on the surface according to acoustic analyses. If the Icelandic /j/ is a semivowel rather than a fricative, as has sometimes been suggested (e.g. by Gunnar Ólafur Hansson 2013:201n), then it is also a sonorant and an apparent voiceless /j/ in initial position would be equally unexpected as in the other instances. An /hj/-analysis would then also be a solution to that puzzle.

Finally, it is admitted that alliteration of *hv*-words with *h*-words (in some instances, cf. below) is a more difficult problem. The former are standardly said to begin with [x], [x<sup>w</sup>] or [xv]. Accounting for the alliteration here in the same fashion as in the case of other *h*-words, one would have to assume an underlying /h/ (plus some sort of a labial element to account for the [x<sup>w</sup>] and [xv]-variants). An /hv/-analysis would be a possibility, but then one might have expected an [f] rather than [x] on the surface. But whatever the correct analysis of the so-called *hv*-pronunciation may be, it is clear that those who categorically pronounce *hv*-words with an initial [k<sup>h</sup>] (i.e. have the so-called *kv*-pronunciation) have re-analyzed the *hv*-words as beginning with a /k/. Hence they only **hear** those words alliterate with other words with initial /k/ and not with other words beginning with an *h*-. Thus it cannot be the case, as assumed by Haukur (e.g. 2013a:67), that certain speech sounds form an equivalence class in metrics “because” speakers “hear” them alliterate together even when they are phonetically and phonologically different in their language. Speakers do not. It must be the other way around, namely that speakers hear certain speech sounds alliterate together **because they form an equivalence class** from a phonological point of view. This means, then, that purely poetic and non-phonological traditions cannot play as big a role in the living Icelandic alliteration as Haukur assumes, although they may very well do so in societies where poetic traditions are dead and where aspiring verse-makers have to learn these traditions from books or by other means of scientific study.

*Höskuldur Þráinsson*  
*Íslensku- og menningardeild*  
*Háskóla Íslands*  
*hoski@hi.is*